

Þátttaka í samræmdum könnunarprófum Mæting, fjarvistir, undanþágur

Um samræmd könnunarpróf og undanþágur frá þeim

Samræmd könnunarpróf eru afar mikilvægur mælikvarði á skólastarf í grunnskólum landsins. Þau veita upplýsingar um stöðu grunnskólanemenda á landsvísu og veita skólum mikilvægar vísbendingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr og hversu vel skólakerfinu gengur að ná námsmarkmiðum aðalnámskrár. Námsmatsstofnun sér um framkvæmd samræmdra könnunarprófa.

Í reglugerð nr. 435/2009 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla segir að allir nemendur í þessum árgöngum skuli þreyta samræmd könnunarpróf. Í 4. og 7. bekk eru próf í íslensku og stærðfræði og í 10. bekk bætist enska við. Þær aðstæður geta komið upp að nemendur geti ekki tekið þátt í prófi og í 6. gr. reglugerðarinnar er ákvæði um undanþágur þar sem segir að skólastjóra sé heimilt að veita nemanda undanþágu frá próftöku að fengnu samþykki foreldris eða forráðamanns ef gildar ástæður mæla með því. Heimildin tekur til nokkurra ástæðna: Í fyrsta lagi er heimilt að veita undanþágu frá prófi í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, frá stærðfræði fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sem hafa dvalið skemur en eitt ár á landinu og frá ensku fyrir nemendur í 10. bekk sem hafa dvalið á landinu skemur en tvö ár. Í öðru lagi nefnir reglugerðin nemendur í sérskólum og sérdeildum, sem og þá nemendur í almennum grunnskólum sem taldir eru víkja svo frá almennum þroska að þeim hentar ekki samræmd könnunarpróf og í þriðja lagi nemendum sem hafa orðið fyrir andlegu eða líkamlegu áfalli sem gerir þeim ókleift að taka þátt í prófum. Skólastjóra ber að tilkynna Námsmatsstofnun um þá nemendur sem hafa fengið undanþágu frá prófunum og ástæður undanþágunnar. Eins ber þeim að tilkynna ef nemendur forfallast vegna veikinda á prófdegi. Námsmatsstofnun hefur eftirlit með því að ákvæði reglugerðarinnar séu virt, tekur saman upplýsingar um undanþágur og birtir þær í skýrslum um framkvæmd og niðurstöður samræmdra könnunarprófa ár hvert.

Ákvæði um undanþágur gefur ekki víðtækar heimildir og í reglugerðinni er kveðið á um að nemendur geti fengið aðstoð við próftöku ef hann býr við aðstæður sem hamla því að hann geti sýnt færni sína við úrlausn prófverkefnis, svo sem vegna fötlunar, langvarandi veikinda eða vegna annarra erfiðleika. Þetta getur t.d. átt við nemendur sem eiga við lesblindu að stríða. Ýmsar ráðstafanir eru gerðar til að koma til móts við þá nemendur enda er ekki litið svo á að lesblinda sé það alvarlegt frávík að það eigi að koma í veg fyrir þátttöku nemanda í prófi.

Fyrirliggjandi samantekt er byggð á skýrslum Námsmatsstofnunar um niðurstöður samræmdra könnunarprófa sem eru birtar árlega.¹ Sú nýjasta er frá 2015. Einnig er byggt á greiningu ráðuneytisins á gögnum um undanþágur fyrir prófin 2014 frá Námsmatsstofnun.

¹ Skýrslurnar má finna á vef Námsmatsstofnunar á slóðinni:
http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/skyrsla_samramd_prof.html

Mæting


Þótt gert sé ráð fyrir að allir grunnskólanemendur í 4., 7., og 10. bekk taki þátt í samræmdum könnunarprófum er reyndin sú að hluti nemenda gengur ekki til prófs. Að jafnaði tóku um 500 nemendur ekki próf í einni af þremur námsgreinunum í 4., 7. eða 10. bekk. Hlutfall úr árgangi sem mætir til prófs er á bilinu 88%-90%. Ekki er að sjá neinn afgerandi mun eftir bekk eða námsgrein.

Fjöldi nemenda í hverjum árgangi og hlutfall mætingar árið 2014

	Fjöldi í árgangi	Íslenska		Stærðfræði		Enska	
		Hlutfall mætingar	Fjöldi fjarverandi	Hlutfall	Fjöldi fjarverandi	Hlutfall	Fjöldi fjarverandi
10. bekkur	4233	88,3	495	87,6	525	89,8	432
7. bekkur	4094	89,2	479	89,5	508	-	-
4. bekkur	4392	88	514	89,6	545	-	-

Heimild: Samræmd könnunarpróf. Niðurstöður fyrir árið 2014. Námsmatsstofnun 2015.

Ef skoðuð er þátttaka í íslensku í 10. bekk frá árinu 2009 þá hafa hlutfallslega færri mætt til prófs. Á árunum 2010 og 2011 var hlutfall þeirra sem ekki mættu um 8% en var á árunum 2013 og 2014 orðið næstum 12%.



Samkvæmt reglugerð er heimilt að veita undanþágu frá prófi af tilgreindum ástæðum, þ.e. ef nemandinn á við þroskahömlum að stríða, hefur orðið fyrir andlegu eða líkamlegu áfalli eða hefur ekki vald á íslenskri tungu til að geta tekið prófið. Fjarveru nemenda frá prófi má skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er óútskýrð fjarvera, þ.e. nemandi mætir ekki í próf án þess að tilgreind sé ástæða fyrir því. Um 4%-6% nemenda mæta ekki í próf eða sem nemur 180 til 250 nemendur.² Hæsta hlutfall fjarveru var í stærðfræði í 10. bekk þar sem 6% nemenda mættu ekki eða um 250 nemendur.

² Fjöldi nemenda er áætlaður út frá heildarfjölda nemenda og hlutfalli.

Skipting fjarvista: Óútskýrð fjarvera, undanþága, veikindi, 2014

		Fjarvera		Undanþága		Veikindi	
		Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi
10. bekkur	Íslenska	5,3%	224	5,5%	233	0,9%	38
	Stærðfræði	6,0%	254	5,4%	229	1,0%	42
	Enska	5,1%	216	4,2%	178	0,9%	38
7. bekkur	Íslenska	4,3%	176	5,6%	229	0,8%	33
	Stærðfræði	4,7%	192	5,0%	205	0,9%	37
4. bekkur	Íslenska	5,1%	224	6,3%	277	0,7%	31
	Stærðfræði	5,0%	220	4,2%	184	1,2%	53

Heimild: Samræmd könnunarpróf. Niðurstöður fyrir árið 2014. Námsmatsstofnun 2015.

Um það bil svipað hlutfall nemenda er fjarverandi frá prófi og hefur fengið undanþágu frá próftöku. Árið 2014 fengu á bilinu 180 til 280 nemendur undanþágu í 4., 7., og 10. bekk. Hæsta hlutfallið var í íslensku í 4. bekk þar sem 6,3% nemenda fengu undanþágu eða um 280 nemendur. Fjarvera vegna veikinda er að jafnaði um 1%.

Þegar mæting í próf er skoðuð eftir landsvæðum kemur í ljós að hún er á nokkuð stóru bili. Mæting í íslensku í 10. bekk er á bilinu 79% til 92%. Lægst á Suðurnesjum en hæst á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra. Sömu sögu er að segja af stærðfræði í 10. bekk. Í öllum greinum bæði í 10. bekk og 7. bekk er samanlagt þátttökuhlutfall sveitarfélaga á Suðurnesjunum lægst. Aðeins í stærðfræði í 4. bekk er hlutfall mætingar á Suðurnesjum í samræmi við meðaltalsmætingu á landinu. Í Reykjavík er hlutfallið við landsmeðaltal í flestum tilvikum enda ekki óeðlilegt þegar tekið er tillit til þess hversu stór hluti nemenda stundar nám í höfuðborginni.

Hlutfall mætingar eftir landsvæðum 2014

	10. bekkur			7. bekkur		4. bekkur	
	Íslenska	Stærðfræði	Enska	Íslenska	Stærðfræði	Íslenska	Stærðfræði
Reykjavík	88,3	87,7	90,0	89,1	89,9	88,4	90,0
Höfuðborgarsvæði	92,6	91,7	93,2	91,0	91,3	89,9	91,0
Suðurnes	78,9	78,9	83,0	81,5	82,8	81,9	88,1
Vesturland	88,8	86,4	90,9	90,5	89,9	88,4	87,0
Vestfirðir	88,0	88,0	90,4	88,3	87,4	86,3	90,5
Norðurland vestra	92,5	91,8	93,1	91,5	92,3	80,8	82,3
Norðurland eystra	85,2	83,1	85,4	87,0	87,8	88,7	88,4
Austurland	84,7	88,8	88,2	94,2	95,5	87,7	89,0
Suðurland	85,4	84,2	86,7	89,0	85,7	87,1	89,5
Landið all	88,3	87,6	89,8	89,2	89,5	88,0	89,6

Heimild: Samræmd könnunarpróf. Niðurstöður fyrir árið 2014. Námsmatsstofnun 2015.

Í nokkrum sveitarfélögum hefur mæting farið niður undir 70% í 10. bekk. Í Hveragerðisbæ og Sandgerðisbæ hefur mæting verið einna slökust í 10. bekk. Sveitarfélög á Suðurnesjum eru áberandi á lista yfir þau sveitarfélög þar sem mæting er slökust og einn af hverjum fimm eða jafnvel einn af hverjum fjórum hefur ekki mætt til prófs. Í fimm sveitarfélögum mættu allir nemendur í íslensku (Bláskógabyggð, Bolungarvíkurkaupstað, Húnavatnshreppi, Vesturbyggð og Pingeyjarsveit). Í þremur

sveitarfélögum í stærðfræði (Bláskógabyggð, Húnavatnshreppi og Þingeyjarsveit) og sömuleiðis í ensku (Bláskógabyggð, Vesturbyggð og Þingeyjarsveit).³

Sveitarfélög þar sem mæting var lægst í 10. bekk eftir námsgreinum 2014

Íslenska		Stærðfræði		Enska	
Sveitarfélag	Hlutf. mætingar	Sveitarfélag	Hlutf. mætingar	Sveitarfélag	Hlutf. mætingar
Hveragerðisbær	69,0%	Sandgerðisbær	67,9%	Sandgerðisbær	78,6%
Sandgerðisbær	71,4%	Hveragerðisbær	72,4%	Sveitarf. Garður	78,9%
Sveitarf. Hornafjörður	73,5%	Sveitarf. Garður	73,7%	Hveragerðisbær	79,3%
Sveitarf. Garður	73,7%	Akureyri	77,9%	Seyðisfjarðarkaupst.	80,0%
Reykjanesbær	76,3%	Sveitarf. Hornafjörður	79,4%	Reykjanesbær	80,2%

Heimild: Samræmd könnunarpróf. Niðurstöður fyrir árið 2014. Námsmatsstofnun 2015.

Svipað er ástatt með próf í 7. bekk þar sem sveitarfélög á Suðurnesjunum eru meðal þeirra sveitarfélaga þar sem mætingin er slökust. Í Sveitarfélaginu Ölfusi og Sandgerðisbæ mætti einn af hverjum þremur nemendum í samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði árið 2014. Í tveimur sveitarfélögum var mæting 100% í íslensku (Eyjafjarðarsveit og Vopnafjarðarhreppi) og í þremur í stærðfræði (Hornafirði, Vopnafjarðarhreppi og Þingeyjarsveit).

Sveitarfélög þar sem mæting var lægst í 7. bekk eftir námsgreinum 2014

Íslenska		Stærðfræði	
Sveitarfélag	Hlutf. mætingar	Sveitarfélag	Hlutf. mætingar
Sveitarf. Ölfus	66,7%	Sveitarf. Ölfus	66,7%
Sandgerðisbær	66,7%	Sandgerðisbær	66,7%
Rangárþing eystra	77,8%	Sveitarf. Vogar	75,0%
Grindavíkurbær	80,0%	Vestmannaeyjabær	82,7%
Sveitarf. Vogar	81,2%	Reykjanesbær	84,2%

Heimild: Samræmd könnunarpróf. Niðurstöður fyrir árið 2014. Námsmatsstofnun 2015.

Mæting í 4. bekk var slök í nokkrum sveitarfélögum og minnst í Fjallabyggð þar sem innan við helmingur nemenda tók þátt. Í 21 sveitarfélagi var þátttakan undir 90% í íslensku og í 19 sveitarfélögum í stærðfræði. Í fjórum sveitarfélögum var mæting 100% í íslensku (Blönduósbæ, Húnaþingi vestra, Seltjarnarnesi og Þingeyjarsveit) og í sjö í stærðfræði (Blönduósbæ, Hrunamannahreppi, Húnaþingi vestra, Rangárþingi eystra, Seltjarnarnesi og Þingeyjarsveit). Í Þingeyjarsveit var mæting 100% í öllum prófum nema einu þar sem var ein undanþága.

³ Samkvæmt skýrslu Námsstofnunar, 2015. Inn í þetta yfirlit vantar fámennustu sveitarfélögin þ.a. það kunna að vera fleiri sveitarfélög þar sem mætingin var 100%.

Sveitarfélög þar sem mæting er lægst í 4. bekk eftir námsgreinum 2014

Íslenska		Stærðfræði	
Sveitarfélag	Hlutf. mætingar	Sveitarfélag	Hlutf. mætingar
Fjallabyggð	46,9%	Fjallabyggð	46,9%
Sandgerðisbær	60,0%	Grundafjarðarbær	70,0%
Grundafjarðarbær	70,0%	Sandgerðisbær	70,0%
Vesturbyggð	75,0%	Hveragerðisbær	81,8%
Hveragerðisbær	75,8%	Snæfellsbær	81,8%

Heimild: Samræmd könnunarpróf. Niðurstöður fyrir árið 2014. Námsmatsstofnun 2015.

Undanþágur

Skólastjórum er heimilt að veita nemendum undanþágu frá samræmdum könnunarprófum ef gild ástæða er fyrir hendi, þ.e. , ef nemandi er með annað móðurmál og hefur ekki náð valdi á íslensku, ef nemandi er með greiningu vegna þroskahömlunar og ef nemandinn hefur orðið fyrir andlegu eða líkamlegu áfalli sem kemur í veg fyrir próftöku. Algengasta ástæðan fyrir undanþágu er þroskahömlun. Í 4. og 7. bekk voru undanþágur vegna þroskahömlunar um 3% en í 10. bekk voru undanþágur 4,6% af nemendum í 10. bekk. Sérskólar eru ekki taldir með í þessari samantekt. Vegna þess að undanþágur eru tiltölulega fáar, sérstaklega ef litið er til einstakra sveitarfélaga, og geta sveiflast milli ára þá nær yfirlitið yfir árin 2011 til 2014 til að jafna út sveiflur. Í 10. bekk fengu að jafnaði 94% af árgangi ekki undanþágu en þá eru ekki taldir þeir sem mættu ekki án þess að fá undanþágu, t.d. vegna veikinda eða óútskýrðar fjarveru.

Undanþágur eftir ástæðu og bekk 2011 - 2014

Ástæða	Bekkur	Fjöldi	Hlutfall
Þroskahömlun	10. bekkur	735	4,6%
	7. bekkur	499	3,0%
	4. bekkur	475	2,8%
Annað móðurmál	10. bekkur	211	1,3%
	7. bekkur	195	1,2%
	4. bekkur	250	1,5%
Andlegt/líkamlegt áfall	10. bekkur	23	0,1%
	7. bekkur	11	0,1%
	4. bekkur	14	0,1%
Óuppgefið	10. bekkur	83	0,5%
	7. bekkur	43	0,3%
	4. bekkur	89	0,5%
Engin undanþága	10. bekkur	16051	93,8%
	7. bekkur	15654	95,4%
	4. bekkur	15857	95,0%

Heimild: Námsmatsstofnun 2015

Þroskahömlun er helsta ástæða undanþága. Hlutfall þroskahömlunar af heildarfjölda nemenda í árgangi var að jafnaði 3,4% á öllu landinu á árunum 2011 til 2014 og alls voru undanþágurnar 1.707.

Skipting eftir landssvæðum er nokkuð misjöfn, lægst var hlutfallið 2,4% á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra en hæst 6,8% á Suðurnesjum. Á sama tímabili voru 655 undanþágur vegna nemenda með annað móðurmál sem var 1,3% af heildarfjölda nemenda. Lægst var hlutfallið 0,7% á Norðurlandi vestra en hæst 2,6% á Suðurnesjum. Í heildina var hæst hlutfall undanþága á Suðurnesjum þar sem 3.231 nemandi fékk undanþágu sem var 10,8% af heildarfjölda nemenda á árunum 2011 til 2014.

Undanþágur eftir landssvæðum 2011-2014

	Óuppgefið		Annað móðurmál		Þroskahömlun		Andlegt/líkamlegt áfall		Engin undanþága	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	46	0,3%	267	1,7%	419	2,6%	12	0,1%	15112	95,3%
Höfuðborgarsvæði	37	0,3%	125	0,9%	347	2,4%	4	0,0%	13905	96,4%
Suðurnes	40	1,1%	95	2,6%	248	6,8%	8	0,2%	3231	89,2%
Vesturland	20	0,8%	41	1,6%	103	3,9%	6	0,2%	2458	93,5%
Vestfirðir	8	0,7%	27	2,4%	39	3,5%	0	0,0%	1031	93,3%
Norðurland vestra	6	0,5%	7	0,6%	30	2,4%	0	0,0%	1228	96,6%
Norðurland eystra	16	0,3%	36	0,7%	246	4,9%	11	0,2%	4693	93,8%
Austurland	4	0,3%	26	1,7%	51	3,4%	2	0,1%	1420	94,5%
Suðurland	38	0,8%	31	0,7%	224	4,7%	5	0,1%	4466	93,7%
Samtals	215	0,4%	655	1,3%	1707	3,4%	48	0,1%	47544	94,8%

Heimild: Námsmatsstofnun 2015

Í einstökum sveitarfélögum var hlutfall undanþága vegna þroskahömlunar mjög misjafnt, allt frá núlli og upp í tíu prósent. Fáir nemendur eru í hverjum árgangi í sumum sveitarfélögum sem gerir hlutfallsreikning villandi, þannig að sveitarfélög með 10 nemendur eða færri eru tekin út úr þessum samanburði. Aftur á móti ættu sveiflur vegna fámennis að jafnast út á nokkurra ára tímabili og þess vegna er tímabilið frá 2011 til 2014 skoðað sérstaklega.

Undanþágur vegna þroskahömlunar eftir sveitarfélögum og bekkjum 2011-2014


Sveitarfélög	10. bekkur		7. bekkur		4. bekkur		Allir bekkir	
	Þroskahömlun	Hlutfall af árgangi	Þroskahömlun	Hlutfall af árgangi	Þroskahömlun	Hlutfall af árgangi	Þroskahömlun	Hlutfall af árgöngum
Sandgerði	12	12,1%	7	8,3%	7	8,2%	26	9,7%
Bláskógabyggð	12	17,4%	2	4,3%	-	-	15	9,7%
Sveitarfélagið Ölfus	10	9,5%	6	6,5%	8	9,9%	24	8,6%
Dalvíkurbyggð	16	11,0%	1	7,7%	2	2,1%	26	7,2%
Reykjanesbær	70	8,6%	47	6,2%	49	7,3%	165	7,0%
Fjallabyggð	10	7,9%	6	6,1%	5	5,9%	21	6,8%
Grindavík	11	6,3%	12	6,3%	11	6,1%	34	6,3%
Sveitarfélagið Árborg	30	6,4%	25	5,8%	30	6,4%	85	6,2%
Sveitarfélagið Vogar	8	10,1%	2	2,7%	2	2,8%	12	5,4%
Vestmannaeyjabær	15	5,4%	11	4,8%	11	5,3%	37	5,2%

Heimild: Námsmatsstofnun 2015

Í töflunni hér að ofan sést að í tíu sveitarfélögum er hlutfall nemenda sem sóttu um undanþágu vegna þroskahömlunar yfir fimm prósent í tíu sveitarfélögum. Hæsta hlutfallið var í Sandgerði og

Bláskógabyggð. Fjögur sveitarfélög á Suðurnesjum eru á þessum lista, Sandgerðisbær, Reykjanesbær, Grindavík og Vogar, en sveitarfélagið Ölfus er þar skammt undan. Hvert er eðlilegt viðmið um fjölda og hlutfall barna sem getur talist með þroskahömlun í skilningi reglugerðar nr. 435/2009? Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sér um greiningu á börnum og unglingum sem búa við þroskahömlun en einnig annast nokkrir sjálfstætt starfandi ráðgjafar greiningu. Á vef GRR koma fram upplýsingar um þá flokka þroskahömlunar sem stöðin miðar við og viðmið um tíðni þroskahömlunar. Þar kemur fram að tíðni þroskahömlunar er að jafnaði um 1%-2% af árgangi barna undir 18 ára aldri eða á bilinu 40-90 börn í hverjum árgangi.⁴ Samkvæmt ársskýrslu GRR⁵ fyrir árið 2013 nutu 750 börn og unglingar yngri en 18 ára íhlutunar, eftirfylgdar og ráðgjafar á árinu 2013. Í því sambandi má benda á að GRR annast líka þjónustu við börn sem sækja sérskóla og eru ekki með í þessu yfirliti. Til samanburðar má sjá á yfirliti Námsmatsstofnunar að sótt var um undanþágur árið 2014 fyrir 193 börn í 10. bekk einum vegna þroskahömlunar, 181 í 7. bekk og sömuleiðis 181 í 4. bekk.

Undanþágur vegna þroskahömlunar eftir bekkjum 2011 - 2014



Í 19 skólum var ekki tilkynnt um neinar undanþágur í 4., 7. eða 10. bekk á árunum 2011 – 2014. Þeir eru Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík, Finnbogastaðaskóli, Fossvogsskóli, Grunnskóli Breiðdalshrepps, grunnskólarnir á Bakkafirði, Borðeyri, Drangnesi, Stöðvarfirði, Svalbarðseyri og Þingeyri, grunnskólarnir í Grímsey og Hrísey, Hofstaðaskóli, Klettaskóli, Reykjahlíðarskóli, Suðurhlíðarskóli, Víkurskóli og Waldorfskólinn Lækjarbotnum.

Fjarvera

Eins og áður hefur komið fram mætir 4% - 6% nemenda ekki til prófs vegna óútskýrðar fjarveru.


⁴ Sjá vef Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins: <http://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/throskahamlanir>. „Tíðni þroskahömlunar virðist hafa verið nokkuð stöðug í gegnum tíðina og má segja að hún sé svipuð í flestum vestrænum ríkjum. Þroskahömlun er algengasta fötlunargreining barna undir 18 ára aldri en búast má við að 1-2% barna séu með þroskahömlun. Á Íslandi má því búast við 40-90 börnum í hverjum árgangi.“

⁵ Ársskýrsla GRR, 2013, bls. 11: http://www.greining.is/static/files/2014/arsskyrsla_mai-5-2014.pdf

Fjarvera á landinu öllu eftir námsgreinum og bekkjum 2014			
	10. bekkur	7. bekkur	4. bekkur
Íslenska	5,3%	4,3%	5,1%
Stærðfræði	6,0%	4,7%	5,0%
Enska	5,1%	-	-

Samræmd könnunarpróf, Námsmatsstofnun 2015.

Frá árinu 2011 hefur fjarvera frá samræmdum könnunarprófum í íslensku verið að aukast en hún var 2% árið 2011 en var komin yfir 5% á árunum 2013 og 2014.



Fjarvera í samræmdum könnunarprófum í 10. bekk reyndist mest í Hveragerðisbæ árið 2014 þar sem hún var yfir 20% fyrir allar námsgreinar. Í 12 sveitarfélögum var engin fjarvera í íslensku, í stærðfræði 13 tilfelli og í ensku 12. Í Bláskógabyggð, Blönduósbæ, Dalabyggð Rangárþingi ytra Seyðifjarðarkaupstað, Vesturbyggð og Þingeyjarsveit var engin fjarvera í íslensku, stærðfræði eða ensku.

Fjarvera í 10. bekk eftir námsgreinum og sveitarfélögum 2014					
Íslenska		Stærðfræði		Enska	
Sveitarfélag	Hlutf. fjarveru	Sveitarfélag	Hlutf. fjarveru	Sveitarfélag	Hlutf. fjarveru
Hveragerðisbær	31,0%	Hveragerðisbær	20,7%	Hveragerðisbær	20,7%
Sveitarf. Hornafjörður	17,6%	Sveitarf. Hornafjörður	17,6%	Sveitarf. Garður	15,8%
Sveitarf. Garður	15,8%	Sveitarf. Garður	15,8%	Vestmannaeyjabær	11,1%
Rangárþing eystra	14,3%	Eyjafjarðarsveit	13,6%	Akureyrarkaupstaður	9,8%
Akureyrarkaupstaður	10,7%	Hrunamannahreppur	12,5%	Eyjafjarðarsveit	9,1%

Heimild: Samræmd könnunarpróf 2014, Námsmatsstofnun 2015.

Í 7. bekk var óútskýrð fjarvera heldur minni en í 10. bekk og í fjórum sveitarfélögum var hún 10% eða hærri. Í fleiri sveitarfélögum voru engar fjarvistar, í 20 þeirra var engin fjarvist í íslensku, 15 var engin í stærðfræði og í 14 þeirra var fjarvist í hvorugu prófinu.

Fjarvera í 7. bekk eftir námsgreinum og sveitarfélögum 2014

Íslenska		Stærðfræði	
Sveitarfélag	Hlutf. fjarveru	Sveitarfélag	Hlutf. fjarveru
Húnaþing vestra	13,3%	Vestmannaeyjabær	11,5%
Ísafjarðarbær	11,3%	Sveitarf. Ölfus	11,1%
Sveitarf. Ölfus	11,1%	Dalvíkurbyggð	10,3%
Bláskógabyggð	10,0%	Bláskógabyggð	10,0%
Garðabær	8,9%	Rangárþing ytra	9,5%

Heimild: Samræmd könnunapróf 2014, Námsmatsstofnun 2015.

Í 4. bekk var fjarvera meiri en 10% í nokkrum sveitarfélögum en Fjallabyggð skar sig nokkuð úr þar sem fjarvera var um eða yfir 40%. Hún var sömuleiðis há í Hveragerðisbæ. Í ellefu sveitarfélögum var engin fjarvera í íslensku, í 15 sveitarfélögum var engin fjarvera í stærðfræði og í 9 var fjarvera í hvorugu prófinu.

Fjarvera í 4. bekk eftir námsgreinum og sveitarfélögum 2014

Íslenska		Stærðfræði	
Sveitarfélag	Hlutf. fjarveru	Sveitarfélag	Hlutf. fjarveru
Fjallabyggð	40,6%	Fjallabyggð	43,8%
Hveragerðisbær	24,2%	Hveragerðisbær	18,2%
Snæfellsbær	12,1%	Snæfellsbær	12,1%
Vestmannaeyjabær	12,0%	Dalvíkurbyggð	11,1%
Dalvíkurbyggð	11,1%	Grundafjarðarbær	10,0%

Heimild: Samræmd könnunapróf 2014, Námsmatsstofnun 2015.

Niðurstaða

Að jafnaði mæta 10% - 12% nemenda ekki til prófs í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk. Fjarvistir verða ekki aðeins skýrðar með undanþágum vegna þess að yfir 5% nemenda mæta ekki til prófs af ótilgreindum ástæðum. Um eða innan við 1% mætir ekki vegna veikinda. Á árunum 2011 til 2014 voru undanþágur um 3% í 4. og 7. bekk en 4.6% í 10. bekk. Síðan 2010 hefur þátttaka íslenskra grunnskólanemenda í samræmdum könnunarprófum versnað, var um 92% en er nú komin niður í um 88%. Þetta á ekki við alls staðar. Í nokkrum sveitarfélögum er mætingin góð en í öðrum er hún mjög slök. Það er sérstaklega áberandi hvað sveitarfélög á Suðurnesjum koma illa út í þeim samanburði. Þau eru áberandi á listum yfir sveitarfélög þar sem mætingin er einna lökust.

Almennt má draga þá ályktun að of mörg grunnskólabörn njóta ekki þeirra réttinda að fá að þreyta samræmd könnunarpróf sem veita upplýsingar um stöðu þeirra. Eftir því sem hærra hlutfall nemenda mætir ekki í próf minnkar áreiðanleiki þeirra upplýsinga sem hægt er að fá um stöðu skólans. Dæmi eru um sveitarfélög þar sem fjórðungur nemenda eða minna mæta til prófs að jafnaði. Það getur engan veginn talist ásættanlegt og hefur áhrif á niðurstöður samræmdra prófa á landsvísu, ekki aðeins í viðkomandi sveitarfélagi.

Ástæða er til að skoða fjölda undanþága vegna þroskahömlunar. Fjöldi þeirra bendir til að mun fleiri börn fái undanþágu vegna þroskahömlunar en efni standa til og samrýmist reglugerð nr. 435/2009. Auk þess kemur fjöldi þeirra illa saman við þann fjölda sem nýtur þjónustu Greiningar- og ráðgjafarþjónustu ríkisins vegna þroskahömlunar. Sú spurning vaknar hvort skólar séu að túlka heimildarákvæði reglugerðar nr. 435/2009 um undanþágu frá þátttöku í samræmdum prófum of vítt en meginreglan er að allir nemendur undirgangist samræmd könnunarpróf og eiga undanþágur að vera undantekningartilvik frá meginreglunni um altæka þátttöku. Þá má benda á að nokkur fjöldi barna fær undanþágu frá prófum hjá Námsmatsstofnun án þess að ástæða sé tilgreind. Það verður ekki séð að heimild sé fyrir því í reglugerð um framkvæmd samræmdra könnunarprófa.